

56

5. júní

SAMÞYKKT**um lokunartíma skósmíðavinnustofa í Reykjavík.****1. gr.**

Skósmíðavinnustofum í Reykjavík skal loka eftir því, sem ákveðið er í 2., 3. og 4. grein samþykktar þessarar.

2. gr.

Alla virka daga árs skal skósmíðavinnustofum lokað ekki síðar en kl. 7 síðdegis og þær eigi opnar aftur fyrr en kl. 8 árdegis næsta virkan dag. Þó skulu vera þær undantekningar frá þessu, er nú greinir:

Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal stofunum lokað ekki síðar en kl. 4 síðdegis og laugardagana fyrir páska og hvítasunnu ekki síðar en kl. 6 síðdegis.

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda stofunum opnum til kl. 11 síðdegis.

Á tímabilinu frá 15. maí til 14. september skal á laugardögum loka stofunum ekki síðar en kl. 4 síðdegis.

3. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmánuði mega engar skósmíðavinnustofur vera opnar.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skal öllum skósmíðavinnustofum lokað kl. 12 á hádegis, ef þessa daga ber upp á virka daga.

4. gr.

Dá, sem komnir eru inn í skósmíðavinnustofur fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

5. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að veita undanþágur frá ákvæðum þessarar samþykktar, þegar sérstaklega stendur á.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum 20–500 krónum og renna sektirnar í bæjarsjóð.

Mál út af brotum á samþykktinni skal reka sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar, samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atoinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 5. júní 1937.

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

Gunnl. E. Briem.